

FLOKKSSTJÓRNARFUNDUR SAMFYLKINGARINNAR 16. MARS 2019

Ályktun

Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar telur mikilvægt að það grundvallarhlutverk og markmið Lánasjóðs íslenskra námsmanna að gefa öllum jöfn tækifæri til að stunda háskólanám verði tryggt við endurskoðun sjóðsins. Lánasjóðurinn var stofnaður að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar, í því skyni að gera börnum verkafólks á Íslandi kleift að mennta sig, en fram að þeim tíma höfðu börn af efnameiri heimilum eingöngu aðgang að háskólanámi.

Nú, þegar til stendur að endurskoða LÍN er mikilvægt að líta til þess hvernig megi efla sjóðinn enn frekar og tryggja þannig að hann geti sinnt því hlutverki sínu að gefa öllum tækifæri til þess að stunda háskólanám.

Þetta meginhlutverk og tilgangur sjóðsins hafa undanfarin ár átt undir högg að sækja. Til að mynda hafa hreyfingar háskólanema gagnrýnt harðlega framfærsluviðmið sjóðsins, frítekjumark hans og fyrirkomulag á útborgun lána, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur jafnframt heyrst sívaxandi krafa stúdenta um að sjóðurinn taki breytingum í átt að norrænu styrkjakerfi, þar sem hluti láns fellur niður við námslok, eins og er við lýði í nágrannalöndum.

Frítekjumark námslána er lægra en meðallaun námsmanna í fullu námi, og ef námsmenn koma úr námshléi, sem sagt fullri vinnu, í nám þurfa þeir að hafa laun undir lágmarkslaunum til þess að námslán skerðist ekki. Framfærsla námsmanna er líka langt undir því sem flokkast sem lágmarkslaun og flestar stéttir samfélagsins berjast nú fyrir hækkunum á. Það er löngu orðið tímabært að hækka bæði frítekjumark og grunnframfærslu námslána.

Samfylkingin leggur áherslu á að jafnrétti til náms sé grunnurinn að því stéttlausa samfélagi sem við viljum búa í. Háskólanám á ekki að vera forréttindi þeirra sem koma af efnameiri heimilum. Menntun er mannréttindi, við eigum öll að hafa þann möguleika að bæta kjör okkar og stöðu í samfélaginu með því að sækja okkur meiri menntun, óháð efnahagslegum aðstæðum.

Flutningsmenn: